

Nd.

712. Nefndarálit

um frumvarp til laga um sölu á kirkjújörðinni Presthólum í Presthólahreppi (þingskj. 437).

Ábúandinn á Presthólum þræp. hon. síra Halldór Bjarnarson hefir farið þess á leit við alþingi að honum yrði annaðhvort seld kirkjújörðin Presthólar, fyrir 2,500 kr., eða þá að þingið veiti honum 4,200 kr. lán, sem sé þær 2,500 kr., er hann sé þegar búinn að leggja í umbætur á jörðinni, og 1,800 kr. til að slétta þær 11 dagsláttur, sem ósléttaðar eru af túninu.

Presthólar eru gamalt prestssetur, sem leggja á niður eftir hinum nýju prestakallalögum (16. nóv. 1907, 1. gr. 103). Ábúandinn kveðst hafa gert æði miklar umbætur á jörðinni, lagt akveg til sjóar, girt túnið og sléttað nokkuð af því, bygt þar mikla sauðaborg með góðri gerð, og telur sig hafa lagt í kostnað til umbóta jörðinni liðugar 2,500 kr. Það er því eðlilegt, þegar hann er búinn að leggja svo mikið fé í jörðina, að hann óski að fá hana keypta, enda fór hann þess á leit fyrir tveim árum, 4. maí 1909, en sýslunefnd lagðist þá á móti sölunni af því að líklegt væri að jörðin yrði síðar nauðsynleg til opinberra

afnota, án þess þó að séð verði, hver þau opinberu afnot eru, sem sýslunefndin hefir hugsað sér. Til læknisseturs þarf jarðarinnar ekki, því að til þess er þegar ákveðinn annar staður, fyrst um sinn á Kópaskeri og síðan á Núpi þegar sú jörð losnar. Ekki þykir heldur geta komið til mála að hún yrði skóla-jörð í hreppnum, því að hún liggur nálega á öðrum hreppsenda og er því illa í sveit komið, nema ef Núpasveit vildi út af fyrir sig hafa skóla, en þá virðist skóli sá öllu betur settur í kaupúninu á Kópaskeri. Auk þess hafa hrepps-búar sérstaklega óskað eftir annari jörð undir skóla fyrir Presthólahrepp, en það eru Sigurðarstaðir á Sléttu.

Presthólar eru heyskaparlitil útbeitarjörð, og er því lítt fallin til þess að henni væri skift niður í grasbýli. Það er því ekki auðvelt að sjá, hvað ætti að vera því til fyrirstöðu, að ábúandinn geti fengið jörðina keypta eftir löglegan undirbúning, eins og hver annar með afsalsbréfi frá stjórnarráðinu, ef alt er annmarkalaust, og að svo miklu leyti tekur málið ekki til þingsins. Hitt er og annað mál, að þingið getur ekki að svo stöddu ákveðið neitt um sölu á jörðinni, sökum þess að öll nauðsynleg gögn til þess vantar gersamlega. Fyrir þinginu liggur ekkert um þetta efni nema beiðni Halldórs prófests, en engin virðing né lýsing á jörðinni eða neitt annað.

Vér getum þess vegna ekki ráðið deildinni til að samþykkja frumvarp þetta eins og það liggur fyrir, en leyfum oss hins vegar að leggja það til, að málið verði afgreitt með rökstuddri dagskrá, er borin mun verða upp við um-ræðurnar.

Neðri deild alþingis, 21. apríl 1911.

Björn Sigfússon, formaður	Jón Þorkelsson, skrifari.	Eggert Pálsson.
Pétur Jónsson.	Stefán Stefánsson, Eyf.	Hálfdan Guðjónsson.
Benedikt Sveinsson, framsögumaður.		